

Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir Sjóð Nielsar Dungals prófessors, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dómsmálaráðherra 1. nóvember 1971. Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Sjóð Nielsar Dungals prófessors.

1. gr.

Sjóðurinn heitir Sjóður Nielsar Dungals prófessors. Sjóðurinn er stofnaður með framlagi frá Rannsóknarstofu Háskólans í meina- og sýklafræði, og fær árlegar tekjur frá þeirri stofnun samkvæmt ákvörðun hlutaðeigandi stjórnvalda hverju sinni.

2. gr.

Sjóðurinn er eign Háskóla Íslands, og er varzla hans og ávöxtun í höndum rektors og háskólaráðs samkvæmt þeim almennu reglum, er gilda um sjóði Háskólans.

3. gr.

Stjórn sjóðsins er skipuð þremur mönnum, prófessorum í meinafræði við Háskóla Íslands, sem er formaður stjórnarinnar, einum manni, er læknadeild tilnefni og öðrum er háskólaráð nefni til.

4. gr.

Tilgangur sjóðsins er að bjóða til fyrirlestrahalds við Háskóla Íslands íslenzkum eða erlendum fræðimönnum, og skulu fyrirlestrarnir tengdir nafni prófessors Nielsar Dungals.

5. gr.

Reikningar sjóðsins skulu endurskoðaðir og birtir með sama hætti og reikningar annarra háskólasjóða.

6. gr.

Leita skal staðfestingu forseta Íslands á skipulagsskrá þessari.

Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir Minningarsjóð Björns Eiríkssonar og Kristínar Marteinsdóttur frá Höskuldsstaðaseli í Breiðdal, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dómsmálaráðherra 2. nóvember 1971. Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Minningarsjóð Björns Eiríkssonar og Kristínar Marteinsdóttur frá Höskuldsstaðaseli í Breiðdal.

1. gr.

Sjóðurinn er stofnaður af börnum þeirra hjóna og fósturdóttur, Marsilíu Ingi-björgu Bessadóttur, konu Hóseasar Björnssonar, til minningar um foreldra og fósturfóreltra þeirra, þau Björn Eiríksson og Kristínu Marteinsdóttur.